

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi leyfisgjalds skv. 1. gr. verður á árinu 1991 1. október og eindagi 1. nóvember. Upphæð leyfisgjalds á árinu 1991 skal vera kr. 2 000,00.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1991.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. stafl. c í 3. gr. samþykktar nr. 257/1988, um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal vera kr. 7 000,00. Gjaldið greiðist óskipt fyrir allt tímabilið eigi síðar en á eindaga sem er 1. október 1991. Dráttarvextir reiknast frá eindaga.

2. gr.

Við handsömun hunda skv. 2. gr. samþykktar nr. 257/1988, skal hlutaðeigandi greiða allan kostnað sem af því leiðir.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarráðs Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 97/1990, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008, að landnotkun á vesturhluta svokallaðs Heiðavallarsvæðis, sem afmarkast af Melaheiði, Tunguheiði, Lyngheiði og Efri-Víghólum breytist úr íbúðabyggð og opnu svæði til sérstakra nota í stofnanasvæði (kirkjulóð) og opið svæði til sérstakra nota (sparkvöllur, leiksvæði og trjáræktarsvæði). Norðurhluti Gagnheiðar er felldur niður.

Breyting þessi hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs og Skipulagsstjórn ríkisins og hefur að öðru leyti hlotið þá meðferð, sem áskilin er í skipulagslögum nr. 19/1964.

Umhverfisstofnun, 16. september 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.